

Minnisblað

Lóðinni Selhelli 8 var úthlutað til Vesturkants ehf í byrjun árs 2018 og skv. tímaskilmálum á lóðarhafi að skila inn fullnum aðaluppdráttum eigi síðar en 1. ágúst 2018.

Skv. 9. gr. lóðarleigusamnings hefur lóðarhafi takmarkaða veðheimild og einnig er kvöð um að lóðarhafi er óheimilt að framselja og/eða breyta um nafn á lóðarúthlutun og/eða byggingarrétti fyrr en að lokinni úttekt á sökkulveggjum.

Selhella 8 er 4787,9 m² að stærð, með nýtingarhlutfalli 0,43 = leyfilegt byggingarmagn 2058,8 m². Greitt við úthlutun.

Lóðarhafi getur skv. 10. gr. lóðarleigusamnings afsalað sér lóðinni til bæjarins svo lengi sem framkvæmdir eru ekki hafnar. Byggingarfulltrúi hefur samþykkt byggingaráform um byggingu á þjónustu- og lagerbyggingu á lóðinni en umsækjandi á eftir að uppfylla ákveðin ákvæði til að hægt sé að gefa út byggingarleyfi. Lóðarhafi hóf þó framkvæmdir á lóð áður en hann sótti um byggingarleyfi, þær framkvæmdir voru stöðvaðar af byggingarfulltrúa og núna er á lóðinni jarðvegsbingur.



Þarna er verið að tala um að selja lóð til óskylds aðila, sem er ekki heimilt skv. 9. gr. lóðarleigusamnings fyrr en eftir úttekt á sökkulveggjum og þinglýsingu á yfirlýsingu þar um.

Um mitt ár 2007 var gerð heildarendurskoðun á öllu sem viðkemur lóðarúthlutun bæði atvinnu- og íbúðarhúsaloðum. Forsendur fyrir endurskoðuninni var breyting á lögum um gatnagerðargjöld og tækifærið notað til að endurskoða lóðarleigusamninga, úthlutunarreglur o.fl. Það var mikill uppgangur í þjóðfélaginu árin 2004-2006. Það var mikil ásókn í atvinnulóðir og dæmi um að lóðir hafi verið seldar allt frá einu sinni til þrisvar, án viðkomu bæjarins eða framkvæmda og við síhækkandi verð. En bæjaryfirvöld vildu sjá að það yrði framkvæmt á lóðunum en ekki að þær gengu kaupum og sölum milli aðila án framkvæmda. Þannig að það var sett inn kvöð í lóðarleigusamninga um að ekki væri hægt að selja lóð og framkvæmdir fyrr en eftir úttekt á sökkulum. Þannig vonaðist bæjarstjórn til að meira yrði framkvæmt á lóðunum og þetta átti ekki að hefta þá verktaka sem voru að byggja til að selja.

Það er hægt að benda HS veitum á lóðina Suðurhelli 9 sem er 4700,8 m² að stærð með nýtingarhlutfalli 0,54 = leyfilegt byggingarmagn 2538,4 m², sem er laus til úthlutunar.

Hafnarfirði, 6. júlí 2018

Sigurður Haraldsson
sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu

Lilja Ólafsdóttir
fasteignaskráning